



Slökkvilið Akraness

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps gekkst fyrir stofnun slökkviliðs í hreppnum árið 1935. Hefur það starfað síðan og er því 55 ára um þessar mundir. Starf liðsins var erfitt á fyrstu árum þess, einkum vegna tækjaskorts, og þess að erfitt var um vatnsöflun og þeim tíma. En með tilkomu vatnsveitu og uppsetningu brunahana á árinu 1942 breyttist aðstæðan til mikilla muna.

Fyrsta slökkviliðsbíllinn eignaðist liðið árið 1946, Chervolet 1942 árgærd með 2500 lítra dælu. Breytti hann miklu um aðstöðu liðsins. Árið 1955 var reist ný slökkvistöð að Laugarbraut 63, 150 m² að stærð. Árið 1981 var byggt við fyrri byggingu 204 m² og er því slökkvistöðin í dag 354 m² að stærð og rúmar hún ágætlega tækjakost liðsins eins og hann er í dag, húsnæðið er einnig í ágætu ásigkomulagi.

Tækjakostur liðsins

Slökkvibílfreiðar eru þrjár, þar að auk ein tækjabílfreið. Sú fyrsta og elsta er af Mack gerð með háþrýstidælu, 1200 lítra afköst á mín., bifreiðin er í góðu lagi en fremur lítið notuð. Önnur er þessi hefðbundi Bedford, sem víða erum um land

og hafa reynst vel sem góðir dælubílar. Okkar bíll er í mjög góðu ástandi. Þriðji bíllinn er af Ford gerð 1982 árgærd með Darley dælu 3000 l á mín. með V8 vél, fjórum slögukerfum o.fl., mjög góður bíll.

Áhaldabíllinn er af gerðinni Mercedes Benz, árgærd 1979. Hann er búinn ýmsum algengum áhöldum, auk þess eru í honum reykblásari, ljósavél, mótorsög, reykköfunartæki, fatnaður og fleira. Önnur tæki eru 12 m langur stigi á vagni, Bauer loftdæla og ýmis smærri áhöld.

Starfssvæði

Svæði það sem liðið þjónar er Akraneskaupstaður, Ynnri-Akraneshreppur, Skilmannahreppur og Leirár- og Melasveit. Þessir þrír hreppar og Akraneskaupstaður hafa með sér samstarf um rekstur slökkviliðsins. Íbúar á þjónustusvæðinu eru um 6000 mesta vegalengd frá slökkvistöð er nálægt 25 km.

Mannskapur

Engin slökkviliðsmaður í slökkviliði Akraness er í fullu starfi sem slíkur. Í lið-

inu eru nú 29 menn og hefur sú tala verið svipuð nokkuð lengi. Einn starfsmaður er í fullu starfi á slökkvistöðinni, sér hann um allt viðhald á tækjum og húsnæði, einnig á brunahönum, en þeir eru um 90 talsins, flestir 2½"

Útköll – æfingar

Boðunarkerfi liðsins er í gegnum síma, hægt er að hringja út 35 númer í einu. Hægt er að boða bæði frá slökkvistöðinni og lögreglustöðinni, en lögreglan sér að jafnaði um boðun. Á undanförunum árum má segja að lítið hafi verið um útköll, síðustu tíu árin hafa þau ekki farið yfir tólf á ári, 1988 voru þau sex og 1989 aðeins tvö. Má það teljast viðunandi á 6000 manna þjónustusvæði.

Æfingar hjá liðinu eru lámark sex á ári, þess að auki eru æfingar með þeim sem standa vaktir á helgum yfir sumar-tímann og aðrar æfingar sem til falla.

Að þessum orðum skrifuðum vil ég óska öllum slökkviliðsmönnum og öðrum þeim sem að brunavörnum starfa góðs gengis á þessu ári og um alla framtíð.

Sigurbjörn Jónsson.